



1. tbl.

Skólaáriði 2017/ 2019

Fréttabréf GSnb



Skólafélagið fer mjög vel af stað, nemendur og starfsfólk vel stemmd til að takast á við verkefni sem bíða þeirra. Kynningarfundir eru búnir, og var mjög misjöfn mæting á þá, en þegar á heildina er lítið var vel mætt.

Í upphafi nýs skólaárs vil ég hvetja nemendur til að koma sér upp góðum og heilbrigðum venjum sem markist af því að gera alltaf sitt besta og hafa gaman af þeim verkefnum sem þeir glíma við hverju sinni. Rannsóknir hafa sýnt að heilbriggt lífferni, svo sem nægur svefn, góð hreyfing, hollt mataræði, góð tengsl við vini og vandamenn geta skipt sköpum svo manni líði vel og nái að blómstra. Sálfræðingar og heimspekingar hafa á síðastliðnum áratugum sýnt fram á að fólk sem kann að meta það góða í lífi sínu er hamingjusamara og verður síður leitt. Það er hægt að þjálfa og tileinka sér þakklæti með því að meta fólk í kringum sig og það sem við höfum nú þegar í höndunum.



Ofnæmi/óþol

Talið er að um það bil 5-8 % barna séu með ofnæmi eða óþol fyrir einni eða fleiri fæðutegundum. Mörg þeirra vaxa frá ofnæminu og því eru um það bil 2-3 % fullorðinna með ofnæmi eða óþol.

Nemendur með fæðuofnæmi eða fæðuóþol eiga kost á máltíðum í skólamötuneytum skólans sem innihalda ekki þau efni sem þeir eru með óþol eða ofnæmi fyrir.

Hafi nemendur ofnæmi eða óþol er mjög mikilvægt að koma því á framfæri með vottorði á skrifstofu skólans og foreldrar fylli út eyðublað þar um.



Sumarlestur

Í sumar stóðu Grunnskóli Snæfellsbæjar og Bókasafn Snæfellsbæjar fyrir sumarlestri þar sem nemendur voru hvattir til lesturs yfir sumarið. Þetta er þriðja árið sem þessir aðilar standa sameiginlega fyrir sumarlestri. Þátttakan var svipuð og í fyrra, rúmir 30 nemendur tóku þátt. Rétt er að þakka þeim foreldrum fyrir að halda lestri að börnum sínum sem það gerðu. Nemendur þurftu að skrá í lestrarþessa stutta umsögn um bækur sem þeir lásu og skila inn í lok ágúst. Tveir nemendur voru dregnir úr hópi þeirra sem skiluðu lestrarþessunum, Arnar Valur Matthíasson úr yngri deild (1.-5. bekk) og Sesselja Lára Hannesdóttir úr eldri deild (6.-10. bekk). Fengu þau iPada í verðlaun.

Það er gríðarlega mikilvægt að nemendur lesi í fríum, s.s. jóla-, páska- og sumarfríum. Rannsóknir sýna að það taki þá nemendur sem ekki lesa yfir sumarið langan tíma að komast á sama stað og þeir voru um vorið í lestri á meðan þeir sem lesa yfir sumarið taka góðum framförum.

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



Persónuvernd

Grunnskóli Snæfellsbæjar viðheldur nemendaskrá til að halda utan um upplýsingar um nemendur sína, námsframvindu og annað sem nauðsynlegt er vegna náms þeirra við skólann. Með þessari skjalfestu upplýsingaöryggisstefnu vill Grunnskóli Snæfellsbæjar leggja áherslu á mikilvægi persónuverndar. Grunnskóli Snæfellsbæjar hagnýtir m.a. upplýsingatækni til að varðveita gögn nemendaskrár og miðla þeim á öruggan og hagkvæman hátt. Það auðveldar skólanum, nemendum og forsjármönnum nemenda að hafa yfirsýn yfir skráningar, utanumhald, námsframvindu nemenda og árangur i skólastarfi. Megininntak stefnunar er:

Trúnaður: Grunnskóli Snæfellsbæjar tryggir að eingöngu aðilar sem til þess hafa heimild hafi aðgang að upplýsingum nemendaskrár og búnaði tengdum henni.

Réttleiki gagna: Grunnskóli Snæfellsbæjar tryggir að upplýsingar sem skráðar eru í nemendaskrá séu réttar og nákvæmar á hverjum tíma. Rangar, villandi, ófullkomnar eða úreltar upplýsingar séu leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið, þegar slíkt uppgötvast, og haldi uppi reglubundnu eftirliti í þeim tilgangi.

Tiltækileiki gagna: Grunnskóli Snæfellsbæjar tryggir að upplýsingar, skráðar á nemendaskrá, séu aðgengilegar þeim sem hafa heimild og þurfa að nota þær þegar þeirra er þörf. Skólinn tryggir einnig að kerfi og gögn nemendaskrár sem kunna að eyðileggjast sé hægt að endurreisa með hjálp viðbragðsáætlunar og afrita sem geymd eru á öruggum stað.

Sjá nánar á heimasíðu skólans <https://www.gsnb.is/personuvernd>

Sjálfsstyrking

Í dag fegnum við þau Kristínu Tómasdóttur og Bjarna Fritzson í heimsókn og héldu þau kynskipta fyrirlestra þar sem þau fóru m.a. yfir hugtakið sjálfsmynd, hvernig nemendur geta lært að þekkja sína eigin sjálfsmynd og leiðir til þess að fyrirbyggja að sjálfsmyndin þróist í neikvæða átt.

Kristín og Bjarni eru bæði sálfræðimenntuð og byggja fræðsluna sína á bókum sem þau hafa skrifað um efni ætlað unglíngum. Kristín hefur skrifað bækurnar Stelpur (2010), Stelpur A-Ö (2011), Stelpur geta allt (2012), Strákar (2013), Stelpur 10 skref að sterkari sjálfsmynd (2015) og Sterkar stelpur (2017). Bjarni hefur skrifað bækurnar Strákar (2013) og Öflugir strákar (2016) en frá honum er væntanleg ný bók um jólin.

Að loknum nemendafyrirlestrum heldur Kristín erindi fyrir foreldra og fagfólk þar sem hún fer yfir góð ráð til þess að fylgja fyrirlestrunum eftir.

Foreldrafélagið styrkti komu þeirra.

Perlað af krafti

Fimmtudaginn 20. september ætla nemendur í 4.-10. bekk að perla af krafti. Perlað með Krafti er skemmtilegt verkefni þar sem við leggjum góðu málefni lið til styrktar Krafti. Ragnheiður Davíðsdóttir, verkefnastjóri hjá Krafti, mætir með efni í armböndin og leiðbeinir þátttakendum á staðnum.

Félagið „Kraftur, stuðningsfélag“ er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Félagið starfar á landsvísu sem sjálfstætt áhugamannafélag og er aðili að Krabbameinsfélagi Íslands, sjá nánar <https://www.kraftur.org/> Lífið er núna!

Námsgögn

Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta skólaári að skólinn lagði nemendum til gjaldfrjáls námsgögn. Þótti þessi tilraun gefa góða raun, að umgengni við ritföngin undskildri. Við ætlum að halda þessari tilraun áfram. Námsgögnin eru í eigu skólans og nemendur þurfa eftir sem áður að mæta með skólatöskur, pennaveski, íþrótt- og sundföt. Við leggjum á það áherslu að nemendur fari vel með námsgögnin og hvetjum við þá til að nýta áfram það





sem til er heima. Nemendum er að sjálfsgöðu velkomið að nota sín eigin námsgögn. Það er mikilvægt að við göngum vel um eigur skólans svo við getum haldið áfram að bæta aðstöðu nemenda og keypt þann búnað sem við óskum eftir en þurfum ekki að verja þeim peningum í viðhald á búnaði og húsnæði vegna skemmdaverka, stöndum saman um að bæta aðstöðu nemenda í skólanum með því að ganga vel um og fara vel með eigur skólans.

Námskeið um tölvu- og skjánotkun barna

Til stendur að bjóða upp á námskeið um tölvu- og skjánotkun barna, ef næg þátttaka fæst. Þeir sem hyggjast mæta/taka þátt vinsamlega skrái sig hér, fyrir föstudaginn 20.08.

https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSemfFdDe18L6h6hEaGEQNVGwuCj1MMHp83Tvt69GE6ZeP46YQ/viewform?usp=pp_url

Námskeiðið yrði þriðjudaginn 2. október frá kl 17:00 – 19:00.

Það verður foreldrum að kostnaðarlausu hér í Snæfellsbæ., foreldrafélagið styrkir framtakið.

Kennarar námskeiðisins eru: Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, félagsfræðingur og ráðgjafi hjá Mikils virði, og Lovísa María Emilsdóttir, félagsráðgjafi, MA og ráðgjafi hjá Mikils virði.

Námskeiðið er sniðið að foreldrum og öðrum sem koma að málefnum ungmenna og vilja fræðast um einkenni óheilbrigðrar tölvu- og skjánotkunar þeirra og læra aðferðir til að sporna gegn henni. Spurningarnar sem við byrjum með eru eftirfarandi:

Ert þú við stjórn á þínu heimili, eða vilt þú fá betri yfirsýn þegar kemur að skjá- eða tölvunotkun barnsins þíns?

Vilt þú vita hvað eru heilbrigð viðmið og fá verkfæri til að stuðla að hóflegri skjá- og tölvunotkun barnsins þíns?

Vilt þú læra leiðir til að takast á við vanda tengdan skjá- og tölvunotkun barnsins þíns?

Ef þessar spurningar vekja athygli þína þá er þetta námskeið mjög líklega eitthvað fyrir þig. Rannsóknir benda til þess að óhófleg skjánotkun barna og unglinga geti haft alvarlegar afleiðingar eins og þessar:

- Barnið eyðir stórum hluta af frítíma sínum við skjá.
- Barnið kys tölvuleiki fram yfir samverustundir með fjölskyldu og vinum.
- Barnið segir ósatt um þann tíma sem það hefur verið í tölvunni og laumast til að fara í hana.
- Minnkaður áhugi hjá barninu á öðrum tómskjá og íþróttum.
- Barnið á erfitt með að fara eftir reglum heimilisins um tölvutíma.
- Barnið getur orðið dapurt og pirrað þegar það er ekki í tölvunni.
- Svefntruflanir

Að lokum

Eins og sjá má í þessu fréttabréf er margt um að vera í skólanum okkar. Fjölbreytt starf og leitast við að koma til móts við nemendur og veita foreldrum stuðning í því vandasama hlutverki sem þeir sinna, að ala upp börnin sín. Það er mikilvægt að við eigum gott samstarf og samtal um uppeldi og menntun nemenda skólans með velferð og hagsæld nemenda að leiðarljósi.

Hafið það sem best og eigið góðar stundir

Hilmar Már Arason
Skólastjóri

